

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/539 2023/EES/40/02

frá 11. febrúar 2021

um viðbætur við framselda reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ⁽¹⁾, einkum 18. mgr. 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Baselinefndin um bankaefirlit birti endurskoðaða aðferðafræði fyrir mat á kerfislega mikilvægum bönkum á alþjóðavísu í júlí 2018. Með þessari endurskoðuðu aðferðafræði var kynntur nýr vísir til að mæla kerfislegt mikilvægi sem varðar viðskiptamagn og tilheyrir þeim flokki sem mælir staðgöngu þjónustu eða fjármálainnviða sem bankasamstæða veitir. Tilkoma þessa nýja vísis hefur þó engin áhrif á vægi þess flokks, þar sem hlutfallslegt vægi sem er úthlutað nýjum vísi fyrir magnviðskipti er jafnað með frádrætti, frá 6,67 % til 3,33 %, í hlutfallslegu vægi sölutryggðra viðskipta í vísi fyrir skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði. Flokkurinn sem mælir staðgöngu þjónustu eða fjármálainnviða sem bankasamstæðan veitir heldur þannig hlutfallslegu vægi sínu upp á 20 % í heildarstigatölu fyrir hverja einingu. Endurskoðaða aðferðafræðin tók einnig til váttryggingastarfsemi í mælingaraðferð sem byggist á vísu og er notuð til að meta kerfislegt mikilvægi bankasamstæða. Þessar breytingar á aðferðafræðinni fyrir mat á kerfislega mikilvægum bönkum á alþjóðavísu ættu að endurspeglast í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 ⁽²⁾.
- 2) Eigi síðar en 1. september ár hvert ættu viðkomandi yfirvöld að reikna út stigafjölda viðkomandi eininga sem skulu vera í úrtakinu sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin kunngerir til að gera kleift að ná samstöðu á vettvangi Sambandsins.
- 3) Gagnasöfnunin sem komið er á fót í samræmi við endurskoðuðu aðferðafræðina sem inniheldur vísi fyrir magnviðskipti mun hefjast á fyrsta fjórðungi ársins 2022. Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu verða því fyrst greindar á grundvelli endurskoðaðs ramma á síðasta fjórðungi ársins 2022. Til að samhæfa beitingu ákvæða um endurskoðaða aðferðafræði við beitingardagsetningar endurskoðaðrar aðferðafræði ættu þau ákvæði þessarar reglugerðar sem endurspeglar breytingar á endurskoðaðri aðferðafræði að koma til framkvæmda frá og með 1. desember 2021.
- 4) Ákvæðum 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 ⁽³⁾ til að innleiða í tilskipun 2013/36/ESB viðbótarheildarstigafjölda fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu með vísi um starfsemi sem nær yfir landamæri þar sem undanskilin er starfsemi yfir landamæri í þeim aðildarríkjum sem taka þátt í sameiginlega skilameðferðarkerfinu (e. *Single Resolution Mechanism*). Þessi viðbótarheildarstigafjöldi var innleiddur til að endurspeglar getuna til skilameðferðar á samstæðum sem starfa yfir landamæri innan Evrópska bankasambandsins með skipulegum hætti. Því er rétt að breyta gildissviði vísis um starfsemi sem nær yfir landamæri svo að hann endurspeglar þá breytingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 108, 29.3.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 96.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 frá 8. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu (Stjútíð. ESB L 330, 15.11.2014, bls. 27).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB að því er varðar aðila sem njóta undanþágu, eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, starfskjör, eftirlitsráðstafanir og -heimildir og ráðstafanir til að varðveita eigið fé (Stjútíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 253).

- 5) Ákvæði tilskipunar (ESB) 2019/878 gerði lögbærum og tilnefndum yfirvöldum enn fremur kleift að nota traust eftirlitsmat til að færa kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr hærri undirflokk í lægri undirflokk á grundvelli viðbótarheildarstigafjölda sem tekur mið af sérstöðu Evrópska bankasambandsins og sameiginlega skilameðferðarkerfisins í vísu um starfsemi sem nær yfir landamæri. Til að draga úr hugsanlega skaðlegum áhrifum af verulegri lækkun á úthlutuðu kerfislegu mikilvægi kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu og í samræmi við endurskoðaða aðferðafræði ættu möguleikar viðkomandi lögbærra og tilnefndra yfirvalda til að færa kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr hærri undirflokk í lægri undirflokk þó að takmarkast við hámarkslækun um einn undirflokk frá upphaflegri úthlutun undirflokks sem leiddi af upphaflegum heildarstigafjölda kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu. Þar að auki, til að tryggja samræmi við sjónarmið Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, ætti hvers kyns eftirlitsmat sem leiðir til þess að kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu er færð í lægri undirflokk að taka tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða Baselnefndarinnar.
- 6) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 til samræmis við það.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem var komið á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1) „Viðkomandi eining“: samstæða undir stjórn móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða stofnun sem ekki er dótturfélag móðurstofnunar í ESB eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB,“.

- 2) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 3. gr.:

„2. Viðkomandi yfirvald skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni gildi vísa fyrir sérhverja viðkomandi einingu með heildarmælistærð áhættuskuldbindingar, reiknaðri í samræmi við 4. mgr. 429. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*), yfir 200 milljörðum evra sem hefur starfsleyfi innan lögsögu þess eigi síðar en 31. júlí ár hvert. Viðkomandi yfirvald skal safna gildum vísanna að teknu tilliti til nánari skilgreininga á undirliggjandi gögnum eins og þau eru sett fram í hvers kyns leiðbeiningum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þróað skv. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 (**). Viðkomandi yfirvaldi ber að tryggja að gildi vísanna séu þau sömu og þau sem voru lögð fram fyrir Baselnefndina um bankaeftirlit.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).“

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

3) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Greiningaraðferð

1. Viðkomandi yfirvald skal reikna stigafjöldann fyrir viðkomandi einingar, sem teknar eru með í úrtakið sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kunngerir og hafa starfsleyfi innan lögsögu þess, eigi síðar en 1. september ár hvert.

2. Viðkomandi yfirvald skal, við beitingu trausts eftirlitsmats, þegar það færir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr lægri undirflokki í hærri undirflokk eða tilnefnir viðkomandi einingu sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu í samræmi við a- eða b-lið 10. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eftir því sem við á, senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ítarlega greinargerð á skriflegu formi eigi síðar en 1. nóvember ár hvert þar sem það birtir grundvöllinn fyrir mati sínu.

3. Viðkomandi yfirvald skal, við beitingu trausts eftirlitsmats, þegar það færir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr hærri undirflokki í lægri undirflokk í samræmi við c-lið 10. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ítarlega greinargerð á skriflegu formi eigi síðar en 30. september ár hvert þar sem það birtir grundvöllinn fyrir mati sínu.

4. Sú færsla eða tilnefning sem vísað er til í 2. mgr. skal taka gildi frá og með 1. janúar á öðru ári eftir almanaksárið þegar nefnararnir hafa verið tilkynntir viðkomandi yfirvöldum í samræmi við 3. mgr. 3. gr. Ef kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu er færð í lægri undirflokk en í greiningarferli næstliðins árs skal lægri krafa um eiginfjáruka kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu taka gildi frá og með 1. janúar næsta ár eftir þá endurúthlutun, nema viðkomandi yfirvald beiti traustu eftirlitsmati sínu til að seinka beitingu á kröfunni til þeirrar dagsetningar sem um getur í fyrsta málslið þessarar málsgreinar.

5. Greining viðkomandi yfirvalds á viðkomandi einingu sem kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu skal fela í sér auðkenni lögaðila (LEI-kóða) allra lögaðila sem falla innan gildissviðs reglna um samstæðu hjá kerfislega mikilvægu stofnuninni á alþjóðavísu. Viðkomandi eining, sem viðkomandi yfirvald hefur greint, skal eigi síðar en 1. mars árið eftir að greiningin fór fram veita viðkomandi yfirvaldi upplýsingar um samstæðuskipulag sitt með því að gefa upp LEI-kóða allra eininga í samstæðunni, ef þeir eru til staðar. Viðkomandi eining skal sjá til þess að samstæðuskipulag hennar, eins og það er birt í alþjóðlegum gagnagrunni yfir auðkenni lögaðila, sé uppfært að staðaldri.“

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu þau gildi vísa sem um getur í 1. mgr. 6. gr., a-, b- og c-lið 2. mgr. 6. gr. og a- og b-lið 4. mgr. 6. gr. einnig fela í sér váttryggingadótturfélög.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Viðkomandi yfirvald skal ákvarða stigafjöldann fyrir hverja viðkomandi einingu í úrtakinu sem einfalt meðaltal af stigafjölda flokksins, með fyrirvara um að flokkurinn sem mælir staðgönguna sé að hámarksstigafjölda 500 grunnpunktar.

Reikna skal stigafjölda hvers flokks, nema flokksins sem mælir staðgöngu þeirrar þjónustu og fjármálainniða sem samstæðan veitir, sem einfalt meðaltal af gildunum sem fást með deilingu hvers af gildum vísanna í þeim flokki með nefnarunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kunngerir fyrir vísinn.

Reikna skal stigafjölda flokksins sem mælir staðgöngu þeirrar þjónustu og þeirra fjármálainniða sem samstæðan veitir sem vegið meðaltal gilda vísa fyrir þann flokk. Í því skyni skulu vísar fyrir eignir í vörslu, eins og um getur í a-lið 3. mgr. 6. gr., og fyrir greiðslustarfsemi, eins og um getur í b-lið 3. mgr. 6. gr., vegnir að fullu og vísar fyrir sölutryggð viðskipti á skulda- og hlutabréfamörkuðum, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 6. gr., og fyrir magn viðskipta, eins og um getur í d-lið 3. mgr. 6. gr., skulu vegnir með 50%.

Sýna skal stigafjöldann sem grunnpunkta og skal námunda hann að næsta heila grunnpunkti.“

c) Eftirfarandi 5. mgr. a og 5. mgr. b bætast við:

„5a. Viðkomandi yfirvald skal ákvarða viðbótarheildarstigafjölda fyrir sérhverja viðkomandi einingu með starfsemi sem nær yfir landamæri í þátttökuáðildarríkjum eins og um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 (*) með því að fylgja ferlinu sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, en skipta gildum vísa viðkomandi einingar sem um getur í a- og b-lið 5. mgr. 6. gr. út fyrir gildin sem eru reiknuð í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar og skal skipta samsvarandi nefnum út fyrir endurskoðaða nefnara sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitir.

Að því er fyrstu undirgrein varðar skal viðkomandi yfirvald líta á allar kröfur og skuldbindingar á hendur mótaðilum með staðfestu í þátttökuáðildarríkjum, eins og um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 806/2014, sem innlendar. Fyrir þá flokka sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 131. gr. reglugerðar 2013/36/ESB skal viðkomandi yfirvald taka til fhugunar sömu óbreyttu gildi vísa sem viðkomandi eining tilkynnti og nefnara sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kunngerði.

5b. Á grundvelli þess viðbótarheildarstigafjölda sem um getur í 5. mgr. a skal ákvörðun um að færa kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr hærri undirflokk í lægri undirflokk, við beitingu trausts eftirlitsmats í samræmi við c-lið 10. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, byggjast á mati á því hvort þrot kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu muni hafa minni neikvæð áhrif á alþjóðlegan fjármálamarkað og alþjóðlegt hagkerfi. Þetta mat skal, þar sem við á, taka tillit til hvers kyns sjónarmiða eða fyrirvara sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur samþykkt í samræmi við aðferðafræði sína sem er aðgengileg öllum til að meta kerfislegt mikilvægi kerfislega mikilvægra banka á alþjóðavísu.

Sá viðbótarheildarstigafjöldi sem um getur í 5. mgr. a getur ákvarðað að viðkomandi yfirvald færi kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu í næsta undirflokk fyrir neðan eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Færsla kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu í lægri undirflokk skal takmarkast við einn undirflokk að hámarki.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).“

d) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Ákvarðanirnar, sem um getur í 4., 5. og 5. mgr. b, skal styðja með viðbótarvísu sem skulu ekki vera vísar fyrir líkindunum á að viðkomandi eining fari í þrot. Slíkar ákvarðanir skulu byggjast á vel skjalfestum og sannreynanlegum meginlegum og eigindlegum upplýsingum.“

5) Í 3. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi d-liður við:

„d) magn viðskipta.“

6) Ákvæði 7. gr. falla brott.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Ákvæði a-liðar 4. mgr., b-liðar 4. mgr. og 5. mgr. koma til framkvæmda frá og með 1. desember 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
